

Ár 2025, þriðjudaginn 16. september 2025 kl. 10:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Evu B. Helgadóttur.

Fyrir er tekið:

mál nr. 5/2025

Knattspyrnudeild KA

gegn

Knattspyrnudeild Stjörnunnar

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Eva B. Helgadóttir.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 8/2025, var kveðinn upp þann 5. september 2025, þar sem Knattspyrnudeild Stjörnunnar var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- til KSÍ vegna háttsemi félagsins sem fólst í því að fylla leikskýrslu ranglega út fyrir leik félagsins gegn KA í Bestu deild karla þann 31. ágúst 2025. Kröfum áfrýjanda var hafnað að öðru leyti.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 8. september sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar verði felldur úr gildi, knattspyrnuliði KA dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins gegn Stjörnunni sem fór fram þann 31. ágúst 2025 á Samsungvelliðnum í Garðabæ í Bestu deild karla.

Að þjálfara og/eða forráðamanni Stjörnunnar verði gert að sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í allt að eitt ár.

Í báðum tilfellum er þess krafist að Stjörnunni verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað samkvæmt mati aga- og úrskurðarnefndar.

Áfrýjunardómstól KSÍ barst greinargerð frá kærða þann 11. september sl. þar sem kærði gerir eftirfarandi kröfur:

Að málinu verði vísað frá áfrýjunardómstóli KSÍ.

Til vara að sekt kærða samkvæmt hinum kærða úrskurði verði felld úr gildi eða lækkuð.

Til þrautavara að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með vísan til forsendna hans og að öllum frekari kröfum áfrýjanda verði hafnað.

Að áfrýjanda verði gert að greiða kærða málskostnað samkvæmt mati áfrýjunardómstóls KSÍ.

II

Áfrýjandi gerði sömu kröfur fyrir aga- og úrskurðarnefnd og gerðar eru fyrir áfrýjunardómstól KSÍ. Samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar var kröfum áfrýjanda hafnað með vísan til þess að ekki hafi verið leiddar fullnægjandi líkur að því að kærði hafi vísvitandi fyllt leikskýrslu ranglega út.

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kærða á hinn bóginn gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- með vísan til þess að félagið hafi brotið reglur KSÍ um hvernig fylla beri leikskýrslur út og reglur um skil leikskýrslna samkvæmt handbók leikja. Aga- og úrskurðarnefnd vísaði til þess að leikskýrslu fyrir umræddan leik hafi annars vegar verið skilað of seint inn á vef KSÍ og hins vegar til þess að einn starfsmaður kærða í leiknum var ekki tilgreindur á leikskýrslu, þrátt fyrir að taka þátt í leiknum. Í hinum kærða úrskurði vísar aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til 2. máls. gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir að félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu í meistaraflokki geti sætt sekt að lágmarki upphæð kr. 100.000,- og allt að kr. 250.000,-.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ er gerð sú krafa að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur úr gildi og að áfrýjanda verði dæmdur 0-3 sigur í leik félagsins gegn kærða sem fram fór í Bestu deild karla þann 31. ágúst sl. Þá gerir áfrýjandi jafnframt kröfu um að þjálfara og/eða forráðamanni verði gert að sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í allt að eitt ár auk þess sem málskostnaðar er krafist úr hendi kærða. Áfrýjandi kveðst taka undir niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar um að kærði hafi gerst sekur um að fylla ranglega út leikskýrslu og vísar til hins kærða úrskurðar hvað það varðar.

Áfrýjandi kveðst á hinn bóginn ósammála mati aga- og úrskurðarnefndar þess efnis að ekki sé unnt að slá því fötu að um vísvitandi brot hafi verið að ræða og kveðst áfrýja í því skyni að fá þá niðurstöðu endurskoðaða af áfrýjunardómstól KSÍ.

Áfrýjandi byggir á því að tilgangur fyrirmæla handbókar leikja um skil á leikskýrslu sé sýnilega að tryggja jafnræði félaga með þeim hætti að báðum félögum sem leika gegn hvort öðru sé gert að skila leikskýrslu samtímis svo hvorugt liðið geti tekið mið af uppstillingu andstæðings við eigin uppstillingu. Áfrýjandi segir meginreglu íþróttaréttar um að lið sem gangi til keppni eigi að standa jafnfætis skíni þarna í gegn. Samkvæmt áfrýjanda þarf áfrýjunardómstóll að leggja mat á það hvort tilgangi reglunnar verði náð til að stöðva ítrekað hegðunarmynstur kærða með þeim viðurlögum sem ákvörðuð voru í hinum kærða úrskurði. Áfrýjandi byggir á að svo sé ekki.

Á því er byggt af hálfu áfrýjanda að aga- og úrskurðarnefnd hafi beitt mati ranglega á því hvort fullnægjandi líkur séu á því að umrædd háttsemi kærða hafi verið vísitandi. Áfrýjandi bendir í *fyrsta lagi* á að sönnunarkröfur séu ekki eins strangar og í sakamálum. Í *öðru lagi* bendir áfrýjandi á að sönnunarkröfur séu breytilegar eftir alvarleika mála og að ríkari kröfur séu gerðar þegar krafist er margra leikja banns en eins tapaðs leiks. Í þessum efnum byggir áfrýjandi á því að aga- og úrskurðarnefnd hafi ranglega litið til dóms áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2021. Í *þriðja lagi* byggir áfrýjandi á því að aga- og úrskurðarnefnd hafi ranglega lagt til grundvallar að hún gæti ekki litið til ítrekaðrar fyrri háttsemi við mat á því hvort um ásetningsbrot væri að ræða. Áfrýjandi vísar í þeim efnum m.a. til íslenskrar réttarframkvæmdar og dómaframkvæmdar alþjóða íþróttadómstólsins. Í *fjórða lagi* byggir áfrýjandi á því að skýringar kærða á háttseminni séu einkar ótrúverðugar og vísar til mála og umræðu sem hefur verið uppi um skil kærða á leikskýrslum.

Áfrýjandi byggir á því að kærði láti sér það að lágmarki í léttu rúmi liggja hvort skil eigi sér stað á vef KSÍ 60 mínútum fyrir leik en leggi metnað í að skila undirritaðri leikskýrslu til dómara 45 mínútum fyrir leik. Áfrýjandi byggir á því að sú skýring að liðsstjóri kærða hafi ekki áttað sig á því hvað tímanum leið til þess að fullnægjandi líkur séu leiddar að því að kærði hafi a.m.k. látið sér það í léttu rúmi liggja að skila leikskýrslu inn á vef KSÍ 60 mínútum fyrir leik og þar með sé um ásetningsbrot að ræða með vísan til lægsta stigs ásetnings samkvæmt refsirétti.

IV

Kærði krefst aðallega frávísunar en til vara að sekt sú sem ákvörðuð var í hinum kærða úrskurði verði felld úr gildi eða lækkuð. Til þrautavara krefst kærði þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með vísan til forsendna hans og að öllum frekari kröfum verði hafnað. Kærði byggir á öllum sömu málsástæðum og gert var í greinargerð fyrir aga- og úrskurðarnefndar og rökstuðningi sem kemur fram í kafla VI. í hinum kærða úrskurði.

Kærði bendir á að í áfrýjandi leggi mikla áherslu á sein skil leikskýrslu í áfrýjun sinni og er öllum málsástæðum áfrýjanda um annað en að leikskýrsla hafi verið vísitandi ranglega fyllt út mótmælt sem of seint fram komnum og byggir á því að virða beri þær að vettugi.

Af hálfu kærða er á það bent að tilvísanir til frasa og sönnunarkrafna í sakamálum hafi enga þýðingu fyrir málið. Vísad er til þess að áfrýjandi haldi því fram að kærði hafi vísitandi fyllt leikskýrslu ranglega út en að því sé hafnað af hálfu kærða. Kærði byggir á því að ekkert sé fram komið sem sýni fram á, eða sanni, að kærði hafi vísitandi fyllt leikskýrslu ranglega út og ekkert sem hrekji lýsingu kærða um að mannleg mistök hafi átt sér stað. Af hálfu kærða er á það bent að kærði hefur gengist við mistökunum og hafði engan hag af því að leyna aðkomu starfsmannsins sem vantaði á leikskýrsluna. Að mati kærða virðist áfrýjandi halda því fram í málalíbúnaði sínum að sönnunarbyrðin eigi að vera öfug en því er mótmælt af hálfu kærða.

Kærði byggir enn fremur á því að það sem áfrýjandi sakar kærða um að hafi gerst í fortíðinni hafi enga þýðingu við úrlausn þessa máls. Kærði vísar til þess að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 6/2024 hafi fallið kærða í hag og að KSÍ hafi ekki gert athugasemdir við starfshætti kærða fyrir utan niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Byggt er á því að viðtöl og fjölmiðlaumfjöllun hafi ekki þýðingu í málinu.

Að lokum bendir kærði á að fyrir áfrýjunardómstólnum leggi áfrýjandi alla áherslu á tímasetningu á skilum leikskýrslu og m.a. vísað til handbókar leikja. Kærði bendir á að í handbókinni er ekki að finna sjálfstæða refsheimild og að dómari hafi ekki gert athugasemdir við skil leikskýrslunnar. Kærði byggir á því að þetta leiði til þess að fella ætti sekt kærða niður eða í það minnsta lækka hana. Kærði byggir jafnframt á því að áfrýjandi hafi ekki upphaflega kært þessi seinu skil á leikskýrslu og því beri að vísa málinu frá áfrýjunardómstóli KSÍ þar sem sakarefnið hafi ekki verið borið undir aga- og úrskurðarnefnd áður.

V

Dómurinn hefur yfirfarið öll gögn málsins.

Kærði krefst í fyrsta lagi frávísunar með vísan til þess að málið heyri ekki undir neinar þær undantekningar sem fram koma í gr. 17.2 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Skýrlega er kveðið á um það í gr. 17.1 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál að heimilt er að áfrýja öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum til áfrýjunardómstóls KSÍ. Dómurinn telur augljóst af fyrirbyggjandi kærðu áfrýjanda fyrir aga- og úrskurðarnefnd að mál þetta er kærumál og að áfrýjandi hafi jafnframt hagsmuni af úrlausn málsins, sbr. gr. 7.1 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þegar af þeirri ástæður er frávísunarkröfu þessari hafnað.

Í öðru lagi krefst kærði frávísunar á þeim grundvelli að áfrýjandi hafi ekki kært sein skil á skýrslu til aga- og úrskurðarnefndar. Í kærðu áfrýjanda til aga- og úrskurðarnefndar er m.a. vísað til þess í kafla um röksemdir að leikskýrslu hafi verið skilað of seint af hálfu kærða en jafnframt er ítarleg umfjöllun um þann þátt málsins í hinum áfrýjaða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar. Augljóst má því vera að þessi málsástæða hafi verið meðal þess sem áfrýjandi kærði til aga- og úrskurðarnefndar.

Að þessu virtu og með vísan til framangreinds er kröfu kærða um frávísun málsins hafnað.

Áfrýjandi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að liði KA verði dæmdur 0-3 sigur í leik gegn Stjörnunni sem fram fór í Bestu deild karla þann 31. ágúst 2025 með vísan til gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Fyrir liggur að enginn ágreiningur er á milli aðila um að stoðarþjálfari kærða, sem tók þátt í umræddum leik, var ekki skráður á leikskýrslu. Þá liggur jafnframt fyrir að kærði skilaði leikskýrslu sinni ekki á vef KSÍ 60 mínútum fyrir leik líkt og áskilið er í handbók leikja. Aðila greinir á hinn bóginn um hvort leikskýrsla kærða hafi verið „vísvitandi“ ranglega útfyllt.

Ákvæði gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót hljóðar svo:

„Ef leikskýrsla er vísvitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu í meistaraflokki getur sætt sekt að lágmarki upphæð kr. 100.000 og allt að kr. 250.000. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu í öðrum aldursflokkum en í meistaraflokki getur sætt sekt að lágmarki upphæð kr. 50.000 og allt að kr. 100.000. Sé um vísvitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 150.000 í meistaraflokki en 100.000 í öðrum flokkum.“

Í hinum kærða úrskurði komst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að þeirri niðurstöðu að kærði skuli sæta sekt að fjárhæð kr. 150.000,- með vísan til þess að kærði hafi annars vegar brotið reglur handbókar leikja um skil á leikskýrslu og hins vegar með vísan til þess að aðstoðarþjálfari kærða var ekki skráður á leikskýrslu. Líkt og að framan greinir er ekki ágeiningur um atvik að þessu leyti og telur dómurinn ljóst að kærði hafi brotið gegn fyrirmælum um skil á leikskýrslu innan þeirra tímamarka sem getið er í handbók leikja og fyllt leikskýrslu sína ranglega út þar sem nafn aðstoðarþjálfara kærða var ekki skráð á leikskýrsluna.

Til þess ber að líta að enga sektarheimild eða aðra viðurlagaheimild er að finna í handbók leikja né er þar að finna tilvísun til gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Almennt verður að gera ríkar kröfur til skýrleika refsheimilda og á grundvelli almennra lagasjónarmiða skulu viðurlagaákvæði skýrð þröngt. Dómurinn telur sein skil á leikskýrslu ekki rúmast innan texta framangreinds ákvæðis þar sem fyrst og fremst er kveðið á um að skýrsla sé ranglega fyllt út og þar sérstaklega nefnt sem dæmi að falsa nafn og kennitölu þátttakanda, sem á ekki við í máli þessu. Jafnframt bendir dómurinn á að gr. 36. reglugerðarinnar fjallar um ólöglega skipað lið. Með vísan til þessa er það mat dómsins að viðhlítandi heimild skorti til að beita viðurlögum vegna þeirrar háttsemi að skila leikskýrslu ekki á innri vef KSÍ 60 mínútum fyrir leik og ber þegar af þeirri ástæðu að hafna málatilbúnaði áfrýjanda hvað þetta atriði varðar.

Samkvæmt framangreindu er engu að síður ljóst að kærði fyllti leikskýrslu sína ranglega út í skilningi gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem aðstoðarþjálfari liðsins var ekki skráður á skýrsluna þrátt fyrir að taka þátt í leiknum. Áfrýjandi byggir á því að leikskýrsla hafi verið vísvitandi ranglega fyllt út. Líkt og greinir í hinum kærða úrskurði þarf áfrýjandi að færa fullnægjandi líkur fyrir því að kærði hafi vísvitandi fyllt leikskýrsluna ranglega út. Með vísan til framangreinds og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar telur dómurinn að ekki hafi verið leiddar fullnægjandi líkur að því að kærði hafi vísvitandi fyllt leikskýrsluna ranglega út svo varðað geti þeim viðurlögum að kærði teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 eins og áfrýjandi krefst.

Dómurinn telur með vísan til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að skilyrði til að dæma þjálfara og/eða forráðamann kærða í leikbann sé ekki uppfyllt, enda fölsun áskilin samkvæmt gr. 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Með vísan til framangreindra forsendna og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar staðfest er varðar að kærði hafi fyllt leikskýrslu ranglega út hvað varðar aðstoðarþjálfara liðsins. Sú háttsemi að fylla leikskýrslu ranglega út getur varðað sekt samkvæmt 2. málsl. gr. 36.3 að lágmarki kr. 100.000,- og allt að kr. 250.000,-. Takmarkaður fjöldi starfsmanna getur tekið þátt í leikjum og leikskýrsla er forsenda þess að dómarar leiksins geti haft eftirlit með þátttakendum leiksins. Kærði teflir fram liðum í efstu deild karla og kvenna og ætti að vera kunnugt um mikilvægi þess að leikmenn, tilnefndir varamenn og liðsstjórar sem taka þátt í leikjum félagsins séu tilgreindir á leikskýrslu. Með vísan til þessa er sekt kærða að fjárhæð kr. 150.000,- staðfest.

Málskostnaður fyrir áfrýjunardómstól KSÍ verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hafnað er kröfu kærða um að máli þessu verði vísað frá áfrýjunardómstól KSÍ.

Staðfest er niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að úrslit úr leik Stjörnunnar gegn KA sem fram fór á Samsung vellinum í Garðabæ þann 31. ágúst 2025 skulu standa óhögguð.

Staðfest er niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að þjálfari og forráðamaður kærða skulu ekki sæta viðurlögum

Staðfest er sekt kærða að fjárhæð kr. 150.000,-.

Málskostnaður fyrir áfrýjunardómstól KSÍ verður ekki dæmdur

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Eva B. Helgadóttir [sign]